

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 15. október 1978, og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá sama efnis nr. 367 27. október 1977.

Iðnaðarráðuneytið, 4. október 1978.

F. h. r.

Árni P. Arnason.

Gunnar Guttormsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 320/1972 um fasteignaskatt.

1. gr.

4. gr. orðist svo:

Heimilt er sveitarstjórn að hækka eða lækka um allt að 25% hundraðshluta þá, sem tilgreindir eru í 2. og 3. gr., og má hækkun eða lækkun ná til annarrar hvorrar eða beggja greina.

2. gr.

2. mgr. 7. gr. orðist svo:

Til grundvallar skiptingu matsverðs samkvæmt grein þessari skal leggja eignarhlutföll í eignarskiptasamningi eða rúmmál þess húsnæðis, sem tengt er hvorum flokki afnota. Taka skal þó tillit til þess, þegar tiltekin afnot eru verðmætari en afnot eignarinnar að öðru leyti, svo sem vegna betri aðstöðu til hagnýtingar legu lóðar við verslun og öðrum viðskiptum.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 8 22. mars 1972 um tekjustofna sveitarfélaga sbr. lög nr. 72/1977 til þess að öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytið, 13. október 1978.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á frystri rækju fyrir framleiðslutímabilið 1. október til 31. desember 1978.

Með skirskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll á frystri rækju fyrir framleiðslutímabilið 1. október til 31. desember 1978: